

Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir raforkunotkun, getur notandi krafist þess að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð orkunefndar.

## 21. gr.

**Brot á reglugerð.**

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða skv. henni varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Ef brot veldur skemmdum í eignum rafveitunnar eða veldur henni tjóni á annan hátt skal hinn brotlegi auk þess bæta skaðann. Sektir renna í ríkissjóð.

## 22. gr.

**Málsókn.**

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála. Rafveitan getur auk þess höfðað skaðabóta- og innheimtumál skv. almennum reglum um meðferð einkamála.

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur, er hér með staðfest skv. vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 95, 26. júlí 1948.

*Iðnaðarráðuneytið, 6. nóvember 1979.*

**Bragi Sigurjónsson.**

*Páll Flygenring.*

**AUGLÝSING****um umferð a Akureyri.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 48, 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Handstýrð gangbrautarljós hafa verið sett upp á Þingvallastræti á móts við Hamragerði.
2. Austursíða verður aðalbraut. Umferð um þá götu viki þó fyrir umferð um Hlíðarbraut.
3. Bifreiðastöður eru bannaðar á þessum stöðum:
  - a. Á austurkanti Löngumýrar.
  - b. Á vesturkanti Norðurgötu frá Strandgötu að Eyrarvegi.
  - c. Á norðurkanti Hamarsstígs frá Þórunnarstræti að Oddeyragötu.
4. Þá er athygli vakin á að aukaleigugjald á stöðumælareitum er nú kr. 300.

**Lögreglustjórinn á Akureyri, 20. nóvember 1979.**